

Fundur NOS um skólaþjónustu haldinn á Borg í Grímsnesi.

Þann 11. október 2013 kl. 8:30 - 11:15.

Mætt: Björgvin Skafti Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson, Jón Valgeirsson, Aðalsteinn Sveinsson, Gunnar Þorgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir og Gerður G. Óskarsdóttir.

1. Fundurinn hófst á því að Aldís fyrir hönd NOS og Gerður skrifuðu undir samning, sem þegar hefur verið samþykktur af öllum sveitarstjórnunum sjö, um ráðgjöf GGÓ við undirbúning þjónustu við leik- og grunnskóla í sveitarfélögum í Árnesþingi. Í framhaldi af því sagði Gerður frá því að hún væri mjög hrifin af starfi skólanna í Árnesþingi. Umræða fór fram um hvernig nálgunin á verkefninu við að koma skólaþjónustunni á nýjan stað hefði verið. Fundarmenn voru sammála um, að rétt hefði verið að málum staðið. Gerður mun taka saman minnisblað til NOS um vinnu sína fram að þessu.
2. Skipurit fyrir þjónustuna (tillaga frá starfshópi og ráðgjafa). Gerður fór yfir tillögu að skipuriti. Hún lagði það til að starfrækt verði sameiginleg skóla- og velferðarþjónusta. Þrír nýir starfsmenn verði ráðnir fyrir skólaþjónustuna, leikskólaráðgjafi, kennsluráðgjafi og sálfræðingur og heyri þeir beint undir núverandi forstöðumann Velferðarþjónustunnar. Einn starfsmanna skólaþjónustunnar verði teymisstjóri og hann verði jafnframt staðgengill forstöðumanns skóla- og velferðarþjónustunnar. Fjárhagur verði aðgreindur milli skóla- og velferðarþjónustunnar, en samstarfið verði mjög náið milli þeirra. Hún færði rök fyrir því að betra væri að ráða sálfræðing en að kaupa þjónustu sálfræðings sem verktaka. Hann gæti unnið t.d. 20-30% fyrir velferðarþjónustuna. Stjórn „Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings“ verði skipuð einum fulltrúa úr hverri sveitarstjórn (oddvitum/sveitarstjórum). Skipuritið var rætt og ákveðið að vísa því til sveitarstjórnanna til samþykktar. Meðfylgjandi fundargerðinni eru glærur frá Gerði til frekari skýringa.
3. Mikilvægt er að fá sem fyrst heimild sveitarstjórnanna til að auglýsa eftir starfsfólki, útbúa nýjan samning um velferðar- og skólaþjónustuna og gera kostnaðaráætlun fyrir skólaþjónustuna. Um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna telja fundarmenn rétt að miðað verði við fjölda nemenda í hverju sveitarfélagi.
4. Rætt var um talmeinafræðing og námsráðgjafa. Vinnuhópurinn valdi að bíða með að huga að talmeinafræðingi og námsráðgjafa enda hafa nokkur sveitarfélaganna séð fyrir því fram á vor.

5. Ákveðið var að senda skipuritið ásamt kostnaðaráætlun til sveitarfélaganna og óska eftir heimild þeirra til að auglýsa eftir þremur starfsmönnum skv. framkomnum tillögum Gerðar.

Önnur mál:

- a) Gerður ræddi tillögu sína um fund með sveitarstjórnarmönnum og skólastjórnendum um **stefnumörkun skólalþjónustu**. Ákveðið að leggja til að hann verði haldinn í lok nóvember.
- b) Gerður lagði til að námskeið verði haldið fyrir skólastjórnendur. Það standi allt árið 2014, þrisvar á vorönn og þrisvar á haustönn. Efni þess verði t.d. um leiðtogahlutverkið, lærdómssamfélag, teymisvinnu, tengslanet og starfsmanna/mannauðsmál.

Í lok fundarins voru tekin saman skref:

- Senda þarf til sveitarfélaga skipurit og starfslýsingar.
- NOS þarf að fá heimild til þess að endurskoða samninginn um Velferðarþjónustuna.
- Samþykki sveitarstjórna þarf til að fá að undirbúa námskeið fyrir skólastjóra.
- Drífu falið að kanna hvort hvort sveitarstjóri Bláskógabyggðar getur unnið kostnaðargreiningu á framkomnum tillögum.
- Gerður fái heimild til að láta bjóða í námskeið fyrir skólastjórnendur. (ca 2 milljónir.)
- Auglýsa þarf eftir starfsfólki sem fyrst, ekki seinna en í byrjun nóvember n.k.
- Breytingar þarf að gera á samþykktum sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15

Drífa Kristjánsdóttir fundarritari.